

# Ráðstefnur og fundir

## Frágangur fræðilegra greina

### 19.-22. feb

Melbourne, Ástralíu.  
Annað heimsþing IPCRG,  
International Primary Care  
Respiratory Group, en það  
er hópur sem var settur á  
laggirnar í júní árið  
2000. Allar nánari  
upplýsingar eru á slóðinni:  
[www.ipcrg-melbourne.org](http://www.ipcrg-melbourne.org)

### 14.-17. apríl

Utrecht, Hollandi.  
Árleg vísindaráðstefna  
ESCI, European Society for  
Clinical Investigation.  
Skráning og allar frekari  
upplýsingar:  
[www.esci.eu.com](http://www.esci.eu.com)

### 12.-13. maí

Stokkhólmi, Svíþjóð.  
Jerring symposium, Trends  
in pediatrics, from clinical  
research til patient care. Vef-  
síða [www.jerringfonden.org](http://www.jerringfonden.org)

### 1.-4. júní

Amsterdam, Hollandi.  
Wonca-ráðstefna: Quality in  
practice. Skráning og allar  
nánari upplýsingar: [www.woncaeurope2004.com](http://www.woncaeurope2004.com)

### 4.-6. júní

Sauðárkróki.  
XVI. þing Félags íslenskra  
lyflækna. Nánari upplýsing-  
ar hjá skipuleggjanda:  
Menningarfylgd Birnu ehf,  
s.: 862 8031, [birna@birna.is](mailto:birna@birna.is)

### 23.-25. júní

Rotterdam í Hollandi.  
Alþjóðleg ráðstefna sem ber  
heitið „Migrant health in  
Europe – differences in  
health and in health care  
provision“. Nánari upplýs-  
ingar veitir Elita Zoer,  
Tolstraat 1, 4231 BB  
Meerkerk, The Netherlands,  
sími. + 31 183 35 40 57,  
[e.zoer@planet.nl](mailto:e.zoer@planet.nl)

### 22.-24. september

Montreal, Kanada.  
ESSOP 2004 Annual  
meeting: early childhood  
prevention. Nánari  
upplýsingar:  
[www.essop2004.ca](http://www.essop2004.ca)

### Höfundar sendi tvær gerðir handrita til ritstjórnar

Læknablaðsins, Hlíðasmára  
8, 201 Kópavogi. Annað án  
nafna höfunda, stofnana og  
án þakka sé um þær að ræða.  
Greininni fylgi yfirlýsing  
þess efnis að allir höfundar  
séu samþykkir lokaformi  
greinar og þeir afsali sér  
birtingarrétti til blaðsins.

Handriti skal skilað með  
tvöföldu línubili á A-4  
blöðum. Hver hluti skal  
byrja á nýrri blaðsíðu  
í eftirtalinni röð:

- Titilsíða: höfundar,  
stofnanir, lykilorð á ensku  
og íslensku
- Ágrip og heiti greinar  
á ensku
- Ágrip á íslensku
- Meginmál
- Þakkir
- Heimildir

Tölur og myndir skulu vera  
á ensku eða íslensku, að vali  
höfunda.

Tölvuunnar myndir og gröf  
komi á rafrænu formi ásamt  
útprenti. Tölvugögn (data)  
að baki gröfum fylgi með,  
ekki er hægt að nýta myndir  
úr PowerPoint eða af netinu.

Eftir lokafrágang berist allar  
greinar á tölvutæku formi  
með útprenti.

Sjá upplýsingar um frágang  
fræðilegra greina:  
[www.laeknabladid.is](http://www.laeknabladid.is)

## Umraðuhluti

Skilafrestur efnis í næsta blað  
er 20. undanfarandi mánaðar  
nema annað sé tekið fram.

## Heilsukort Evrópu

Í JÚNÍ á næsta ári munu íbúar allra aðildar-  
ríkja Evrópusambandsins fá í hendur svo-  
nefnt heilsukort sem veitir rétt til heilbrigðis-  
þjónustu hvar sem er í aðildarríkjunum. Með  
gildistöku kortsins losnar almenningur við  
að fylla út flókin eyðublöð og heilmikilli skrif-  
finnsku verður útrýmt, auk þess sem greiðsl-  
ur milli landa fyrir þjónustuna eiga að berast  
hraðar.

Peir sem dvalist hafa í Evrópu kannast  
flestir við eyðublað sem nefnt er E111 en það  
þurfa menn að hafa útfyllt og stimplað af  
Tryggingastofnun ríkisins til þess að eiga rétt  
á endurgreiðslu sjúkrahúss- eða lækna-  
kostnaðar í löndum ESB (eða öllu heldur EES).  
Þetta eyðublað þarf að sýna yfirvöldum í  
gistilandinu áður en leitað er til læknis en  
eftir að heilsukortið kemur til sögunnar  
verður það óþarft. Þá verður hægt að fara  
beint til læknis eða á sjúkrahús og sýna kortið.

Reyndar eru ýmis fleiri eyðublöð í gangi,  
svo sem E128 fyrir námsmenn, E119 fyrir þá  
sem eru í atvinnuleit og E110 fyrir flutn-

ingabílstjóra. Öll þessi eyðublöð munu  
hverfa á næstu árum og árið 2008 verður  
kerfið fullkomnað með útgáfu snjallkorts  
sem hægt verður að lesa í tölvum.

En eins og við var að búast vakna ýmsar  
spurningar við þessa breytingu. Til dæmis sú  
hvaða upplýsingar verða skráðar á kortið.  
Viða eru svipuð kort þegar til staðar en svo  
er þó ekki í Bretlandi og á Írlandi. Þarlendir  
hafa miklar áhyggjur af því að þetta sé fyrsta  
skrefið í átt að samevrópskum persónuskil-  
ríkjum sem verið sé að lauma inn um bak-  
dyrnar.

Talsmenn ESB neita því harðlega að sú sé  
ætlunin og segja að á kortinu verði einungis  
lágmarksupplýsingar. Samtök sem standa  
vörð um mannréttindi fylgjast með málinu af  
athygli og hafa bent á að það kunni að vera  
rétt um kortið sem gefið verður út næsta  
sumar, öðru máli gegni hins vegar um snjall-  
kortið sem væntanlegt er árið 2008, þar verði  
hægt að setja inn margvíslegar upplýsingar  
um þegna ESB-ríkjanna.

(Byggt á frétt í *the Parliament magazine*)